

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2140/98

frá 6. október 1998

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 frá 29. maí 1989 um almennar reglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögunum um aðild Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1014/90<sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2523/97<sup>(3)</sup>, eru settar ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum. Til þess að vernda hefðbundna drykkinn *Bierbrand* eða *eau de vie de bière*, sem samkvæmt þjóðlegum hefðum getur verið sætur eða ósætur, gegn óréttmætri samkeppni, og til að halda miklum gæðum drykkjarins, skal takmarka notkun þessa nafns við þann brennda drykk sem skilgreindur er í þessari reglugerð.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit framkvæmdanefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 13. liður bætist við viðaukann við reglugerð (EBE) nr. 1014/90:

„13. *Bierbrand* eða *eau de vie de bière*: brenndur drykkur sem:

- fæst eingöngu með beinni eimingu fersks bjórs á þann hátt að eimið sem til verður nái alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál sem er allt að 86% og haldi skynmatseinkennum bjórsins,
- hefur alkóhólstyrkleika að lágmarki 38% miðað við rúmmál sem neysluvara í bandalaginu.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 160, 12. 6. 1989, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 105, 25. 4. 1990, bls. 9.<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 346, 17. 12. 1997, bls. 46.